

## Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 3. október 2024

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Einar Eiríksson, Heimir Karlsson, Gísli Valur Arnarson, Jón Frímann, Kristinn Hólm og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Tryggvi Eiríksson, Pálmi Gauti Hjörleifsson,

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:35.

### Dagskrá

#### 1. Kosning til stjórnar stjórn Styrktarsjóðs.

Formaður sagði í stuttu máli frá sjóðnum og hverjir skipuðu stjórn sjóðsins úr fyrri stjórn félagsins. Fram kom í máli hans að félagsmenn í FS geta sótt um styrki í sjóði félagsins samkvæmt reglum sem um þá gilda sem greitt hafa samfleytt í 6 mánuði áður.

Fundarmenn voru beðnir um að láta vita hvort einhverjir þeirra séu tilbúnir til að gefa kost á sér í stjórn sjóðsins.

Pálmi Gauti benti á að sum stéttarfélög séu með þak varðandi styrki til félagsmanna sinna og hann spurði hvort endurskoða þyrfti ekki allar styrkveitingar félagsins til félagsmanna sinna.

Formaður svaraði því til að enginn félagsmaður fengi meira út úr styrktarsjóðnum en sem nemur þeirri upphæð sem atvinnurekandi viðkomanda hefur greitt í sjóðinn. Það hefur verið vilji til að vera með góða styrki til félagsmanna okkar og FS hefur borið sig saman við Verðandi og Vísi í þeim efnum. Ákveðið var eftir nokkra umræðu um málið að einn fundur verði haldinn bráðlega til að fara yfir fjárhagsstöðu félagsins þar sem fjármálin verða rædd sérstaklega og útskýrð.

#### 2. Lífeyrismál

Formaður sagði frá því að fjármálaráðherra hyggist minnka stuðning við lífeyrisjóði vegna örorkybyrðar um tvo þriðju milli ára og fella alveg niður að ári. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir 7,5 milljarðar fjárframlagi ríkisins til lífeyrissjóðssjóða en fari í 2,5 milljarða árið 2026 og svo í núll árið 2027. Útreikningar sýna að með þessu móti mun Gildi lífeyrissjóðurinn okkar þurfa að skerða lífeyrisréttindi þeirra sem komnir eru á lífeyri um allt að 5,7%. Þetta er gafalvarlegt mál. Formaður minnti á að lífeyrissjóðirnir voru ekki settir á fót til að borga örorkulífeyri heldur ellilífeyri.

ASÍ og SA hafa sent sameiginlega umsókn til nefndarsviðs alþingis og mótmælt þessari ákvörðun fjármálaráðherra og lagt til að framlagið verði óbreytt hlutfall af tryggingagjaldi eins og samið var um 2005. Stjórn FS tekur undir þessa umsögn og felur formanni að senda á nefndarsvið alþingis.

#### 3. Sala á íbúð í Neðstaleiti.

Formaður sagði komið að viðhaldi á íbúð félagsins í Neðstaleiti 2, velti upp þeirri spurningu hvort hyggilegt væri að selja íbúðina og kaupa aðra nýrri. Ákveðið var að taka þá umræðu síðar.

#### 4. Stýrimannaskólinn

Formaður fór yfir þær hugmyndir sem félagið hefur lagt til varðandi nýjan skóla Sjávarútvegs og siglinga í húsi Sjómannaskólans sem byggður var og gefinn sjómannastéttinni til að mennta menn til starfa til sjós. Hugmyndir okkar fara gegn ákvörðun sfs um að námið skuli vera í Tækniskóla Íslands. Við Páll Ægir höfum átt marga fundi þar sem við höfum kynnt hugmyndir félagsins, flestir eru okkur sammála um að aðgerða er þörf til að bæta nám í

skipstjórn. All mikil umræða skapaðist um Skipstjórnarnámið í framhaldi af sameiginlegum fundi stéttarfélaganna FS, Verðandi og Vísis um þarsíðustu helgi á Grand hóteli. Þar stigu á stökk tveir núverandi nemendur og lýstu upplifun sinni af skólanum og skipulagi námsins. Þeir voru mjög gagnrýnir á námið og skólann yfir höfuð.

Til stendur að formaður og PÆ fundi með tveimur stjórnarmönnum sfs í næstu viku þar sem áhyggjum félagsmanna FS verður komi á framfæri en tillaga kom fram á fundinum um að PÆ fari inn í stjórn Tækniskólans að tillögu félagsins. Það er alltént mikilvægt að hreyfa við stjórn sfs og benda þeim á að stjórnun skólans og skipulagning námsins er óviðunandi eins málum er háttáð hvort sem fulltrúi frá félaginu verði tilnefndur í stjórn skólans eða ekki. Eignarhald Sjómannaskólahússins kom einnig til tals á fundinum og munum við hér eftir sem hingað til krefjast þess að skólahúsið, sem var á sínum tíma gjöf til íslenskra sjómanna, verði áfram notað undir kennslu sjómanna eða muni ætíð hafa tengsl við sjávarútveg og siglingar í framtíðinni með einum eða öðrum hætti. Aðalatriðið er að námið verði bætt svo það verði sambærilegt að gæðum eins og hjá nágrannabjóðum okkar í Skandinavíu. Þannig var það hér áður fyrr þegar skólinn hét Stýrimannaskólinn í Reykjavík en því miður hefur slaknað mikið á gæðum þess en þó aðalleg á skipulagi námsins sem er, að sögn nemenda í molum.

Gísli Valur kom með þá hugmynd að skipuð yrði nefnd innan félagsins sem fjallaði um skólamálin og kæmi með tillögur til úrbóta, tekið var vel í þá tillögu sem þarfnast nánari skoðunar, athuga þarf hverjir vilja taka þátt í slíku nafndarstarfi, en slík nefnd kæmi með tillögur til félagsins sem ræddar yrðu á stjórnarfundum og þeim síðan komið á framfæri við stjórn skólans.

Skólamálin hafa verið fyrirferðamikil í umræðu innan félagsins undanfarin ár vegna kvartana nemenda sem komið hafa á skrifstofu félagsins en einnig skipstjórnarmanna, kennara og útgerðarmanna. Félagið hefur ekki getað setið hjá og því lagt í þá vegferð að ná eyrum þeirra sem stjórna skólanum og eiga skólann en undirtektir þeirra hafa verið dræmar og áhuginn líttill til að bregðast við málflutningi okkar. Það er óásættanlegt.

## Önnur mál

Haustfundur stéttarfélaganna kom til tals og var ákveðið að hann verði að ári með óbreyttu sniði.

Pálmi Gauti kom með þá tillögu að stjórn og varastjórn FS hittist fyrir næsta sameiginlega fund stéttarfélaganna að ári því sum mál þarf að ræða á milli stjórnarinnar áður en fundað er sameiginlega með hinum stéttarfélögum. Fundarmenn voru sammála því.

Heimir sagði að mikill verðmunur væri á verðlagsráðsverði og markaðsverði. Nokkur umræða varð um málið. Formaður sagðist myndu skoða hvort óeðlilegur munur væri þar á. Hann sagði að í kjarasamningi sjómanna hefði verið samið um ákveðna aðferðafræði við verðlagningu á þorski og ýsu. Í stuttu máli væri hún þannig að verð á þorski og ýsu í viðskiptum á milli skyldra aðila væri ákvarðað út frá vegnu meðalverði þriggja síðustu mánaða á fiskmörkuðum, það ætti að vera um 80% af vegnu meðalverði á fiskmörkuðum að frádregnu 5% markaðskostnaði. Einnig skal miðað við að hlutfallið á milli verðs í viðskiptum skyldra aðila og afurðaverðs skul vera sem næst 55% á hverjum tíma. Úrskurðarnefnd sem fundar mánaðarlega og ákvarðar verð fyrir næstkomandi mánuð á grundvelli upplýsinga frá fiskmörkuðum og Hagstofu Íslands. Verðlagsstofa skiptaverðs sem sett var á stofn með lögum 1998 hefur það hlutverk að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna. Við fulltrúar sjómanna höfum lagt áherslu á sjálfstæði VSS og að henni séu tryggðar rafrænar upplýsingar um öll útflutningsverð á fiskafurðum, þannig að hún geti auðveldlega rækt hlutverk sitt, að því er unnið. Verð á ufsa og karfa skal taka breytingum í samræmi við breytingar á afurðaverði. Notast er við vísitölu framleiðsluverðs og áætlaða þróun afurðaverðs við verðákvörðun á ufsa og karfa. Verð á öðrum fisktegundum er samkomulag á milli áhafna

og útgerðar. Formaður sagði það sína skoðun að Verðlagsstofa ætti að gefa út lágmarksverð á öðrum fisktegundum sem byggði á markaðsverði. Í umræðum kom m.a. fram að þeir sem fengju ekki hæsta verð fyrir aflann ynnu það upp með miklu magni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:52



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundaritari

